

Hverfisráð Ísafjarðarbæjar

Greining og tillögur

til úrbóta

10. janúar 2022

Róbert Ragnarsson

Freyja Sigurgeirsdóttir

Gunnar Úlfarsson



1

Skipulag og markmið verkefnis

Verkefnið

- Hlutverk hverfisráða Ísafjarðarbæjar er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.
- Fulltrúar í hverfisráðum óskuðu eftir endurskoðun á fyrirkomulagi hverfisráða með það að markmiði að hlutverk og markmið þeirra verði skýrari og verklag skilvirkara.
- Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leitaði til RR ráðgjafar til að aðstoða við verkefnið.
- Ráðgjafar héldu þrjár vinnustofur þar sem styrkleikar og veikleikar núverandi fyrirkomulags hverfisráða voru greindir.
- Auk þess voru ógnanir og tækifæri við þátttöku og samráð við íbúa rædd.
- Á fyrri tveimur vinnustofunum var hópnum skipt í tvennt
 - annars vegar fulltrúa í hverfisráðum
 - hins vegar fulltrúa í bæjarstjórn auk sveitarstjóra og bæjarritara.
- Á þriðju vinnustofunni voru niðurstöður og greininingar ráðgjafa kynntar öllum hópnum.
- Fyrirmyndir og leiðir til þátttöku í samráði við íbúa voru ræddar og mögulegar breytingar fyrir Ísafjarðarbæ og íbúa sveitarfélagsins.

Verkefnið

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að skýra hlutverk og markmið hverfisráða og meta hvort núverandi fyrirkomulag sé til þess fallið að ná þeim markmiðum og jafnframt leita leiða til úrbóta.

RR ráðgjöf hélt þrjár vinnustofur með aðal- og varamönnum í bæjarstjórn og hverfisráðum, auk bæjarstjóra og bæjarritara.



Vinnustofa I

Vinnustofa I var haldin þann 8. september í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði og var vinnustofan tvískipt. Annars vegar voru þátttakendur aðal- og varamenn í bæjarstjórn, bæjarritari og bæjarstjóri og hins vegar aðal- og varamenn í hverfisráðum.

Markmið með tvískiptingu var að kanna hvort fram komi ólík sjónarmið hjá hópunum tveimur.

Vinnustofa II

Vinnustofa II fór fram 6. desember í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði með sömu þátttakendum og áður.

Niðurstöður greininga ráðgjafa eftir vinnustofu I voru kynntar og þar að auki voru fyrirmyndir og leiðir til þátttöku og samráðs lagðar til umræðu.

Sjónarmiða þátttakenda á mögulegum breytingum og útfærsluleiðum var aflað.

2

Skipulag og markmið hverfisráða

Hlutverk hverfisráða Ísafjarðarbæjar er að vera vettvangur íbúa til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt



Hverfisráð hefur frjálssar hendur með það hvernig staðið er að verkefnavali, en þó er lagt til að hverfisráð leiti til annarra íbúa svæðisins með hugmyndir og endanlegt val.

- Skýrsla um íbúalýðræði. Nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnýslu.

Samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2021

48. gr. D. Hverfisráð.

Bæjarstjórn setur samþykktir fyrir hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Holta-, Tungu- og Seljalandshverfi, Eyri og efri bæ í Skutulsfirði og í Hnífsdal. Aðeins er heimilt að starfrækja eitt hverfisráð í hverju hverfi skv. samþykkt þessari.

Á stofnfundi hverfisráðs sem íbúar hverfis eru boðaðir á eru 5 fulltrúar kosnir í nefndina og 2 til vara. Fulltrúar í hverfisráði eru kosnir til tveggja ára í senn.

Hverfisráð setja sér sjálf starfsreglur sem samþykktar skulu á aðalfundum íbúa hverfanna en um starfshætti ráðanna gilda almenn ákvæði um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk hverfisráða er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Hverfisráð skulu halda fundi reglulega en að lágmarki einn aðalfund árlega og gera þar grein fyrir starfseminni. Tilkynna skal um slíkan fund til Ísafjarðarbæjar því þar skal farið yfir samvinnu við bæinn, hlutverk og framtíðarsýn.

Tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins er bæjarritari sem aðstoðar við upplýsingaöflun úr stjórnsýslunni og sér til þess að fundargerðir hverfisráða séu lagðar fyrir bæjarráð til kynningar og birtar á vef sveitarfélagsins.


Gera skal ráð fyrir ákveðnu fjárframlagi til hverfisráða í gegnum fjárhagsáætlun hvers árs. Það er ætlað til að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld og annan umsýslukostnað í tengslum við hlutverk þeirra.

Hverfisráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnsýslu sveitarfélagsins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi, tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.

Er núverandi fyrirkomulag hverfisráða til þess fallið að ná þessum markmiðum?



að efla samhug og samkennd íbúa



að standa vörð um sérkenni hverfisins



að vera samstarfsvettvangur íbúa, félagasamtaka og hagsmunasamtaka í hverfinu



að starfa með stofnunum bæjarins og opinberum aðilum sem fara með málefni hverfisins og íbúa þess



að vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu



að eiga samstarf við íbúasamtök annarra hverfa

3

Niðurstöður vinnustofu I

Hverfisráðin stuðla að lýðræðislegri þátttöku en óljóst hlutverk þeirra og umboðsvandi veikja starfsemi ráðanna

Fulltrúar í bæjarstjórn og hverfisráða voru sammála um að hverfisráðin

...eru **formlegur samráðsvettvangur** fyrir íbúa og boðleið þeirra í stjórnkerfið.

...veita íbúum **tækifæri til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi**, t.d. með skipulagi viðburða.

...hafa **lágan þröskuld** til þátttöku og **góða formfestu í samþykktum**.

...gangi vel þar sem launaður starfsmaður sitji fundi.



Dregist hefur úr þátttöku í hverfisráðum vegna þess að

...þátttakendur í hverfisráðum upplifa að **ekki sé hlustað á ráðin** og **óskýrir ferlar** flæki starfsemina.

...bæjarstjórn hafi takmarkaðan skilning á þörfum hvers samfélags og íbúar hafi **óraunhæfar væntingar til ráðanna**.

...hlutverk ráðanna er óskýrt og **óljóst í hvaða umboði fulltrúarnarnir** sitja í m.a. vegna dræmrar þátttöku á aðalfundum.

...upplýsingagjöf og nýting framkvæmdafjár hefur versnað.

Hverfisráð og bæjarstjórn hafa ólík sjónarmið um ytri ógnanir hverfisráðanna

Fulltrúar í hverfisráðum telja að ytri ógnanir ráðanna séu

...**misskilningur íbúa á völdum** ráðanna.

...að ef **ekki sé hlustað á ráðin** og tenging við stjórnsýsluna bætt, leggist ráðin af.

...vandi við að manna ráðin og **uppgjöf íbúa** við þátttöku í þeim.



Fulltrúar í bæjarstjórn telja að ytri ógnanir ráðanna séu

...**að hverfisráðin verði sérhagsmunahópur** fremur en að vinna með stjórnsýslunni.

...**utanaðkomandi aðilar** beiti sér í hverfisráðum.

- „**Héraðshöfðingjar og sumarfluglar**“

...**stjórnsýsluna skorti heildarsýn** yfir mál hverfisráða og að hún geti ekki sinnt verkefnum og beiðnum þeirra.

...að tryggja að valdframsal til íbúa fylgi ábyrgð.

Fulltrúarnir telja tækifæri til breytinga

...aukin skilvirkni



...og aukin ábyrgð

- **Aukin þjálfun** tryggi að þekking tapist ekki milli á milli kjörtímabila hverfisráða.
- Styrkja samstarf og **stuðla að liðsheild** „milli hverfa“.
- Starfsmaður á umhverfis- og eignasviði verði **tengiliður hverfisráða**.
- **Aðgangur í málaskrá** þar sem íbúar gætu fylgst með stöðu og framgangi verkefna.
- Fundir með bæjarstjóra og fulltrúum hverfisráða til að ræða hvað mætti betur fara.

- **Aðkoma að fjárhagsáætlanagerð** og auknar fjárheimildir.
- Breyta verklagi við framkvæmdarfé, t.d. að kjósa á milli verkefna.
- **Greitt verði fyrir setu** í hverfisráðum.
- **Virkja íbúa til þátttöku**, m.a. til umsagna um deiliskipulagstillögur.
- **Fleiri erindi verði** send ráðunum til umsagnar.
- Hverfisráðin standi fyrir viðburðum innan hverfis, s.s. plokkgagar og hverfisgrill.

4

Þáttökuleiðir



Til eru ýmsar þáttökuleiðir og útfærslur geta verið ólíkar (1)

Heimastjórnir (beint kjörnar)

Í Múlaþingi eru fjórar heimastjórnir, ein úr hverjum byggðahluta.

Einn fulltrúi úr sveitarstjórn og tveir kjörnir í beinni kosningu af íbúum þess byggðahluta.

Markmið heimastjórna er að tryggja áhrif og aðkomu heimamanna og dreifa valdi.

Hverfisráð

Almennt eru hverfisráð ráðgefandi en einnig er hægt að fela þeim fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála.

Notendaráð

Svo sem Ungmennaráð, Öldungaráð og notendaráð í félagsþjónustu.

Íbúafundir

Upplýsingagjöf til íbúa og einnig vettvangur til samráðs eða samtals við íbúa.

Ábendinga- og samráðskerfi

„Betri Suðurnesjabær“ er dæmi um samráðsvettvang þar sem íbúar geta komið með ábendingar og hugmyndir um ýmis málefni í sveitarfélaginu.

Ísafjarðarbær er að nýta Betraísland.is í samráðsverkefnum.

Til eru ýmsar þáttökuleiðir og útfærslur geta verið ólíkar (2)

Skoðanakannanir

Ná fram afstöðu og viðhorfi íbúa en varast að nota þær eingöngu til málamynda.

Þátttaka í fjárhagsáætlanagerð

Svo sem „Hverfið mitt“ í Reykjavík. Íbúum gefst kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar.

Undirskriftarlistar

Íbúar afla stuðnings við einstök málefni að eigin frumkvæði.

Íbúakosningar (ráðgefandi/bindandi)

107. gr. svstjl. þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar til framkvæmdarinnar, t.a.m. opinber kynning tillögunnar, nauðsynlegar upplýsingar þurfa að liggja fyrir og gerð kjörskrár.

Auknar kröfur íbúa um lýðræðisleg þátttöku

Skilgreining þátttökuverkefna grundvallast á fjórum spurningum:

- 1 Hvers vegna á að auka þátttöku?
- 2 Hver á að taka þátt?
- 3 Hvernig á að taka þátt?
- 4 Hver eiga verkefnin að vera?

Hversu langt á að ganga upp þátttökustigann?




Niðurstöður vinnustofu varðandi þáttökuverkefni

Þeir sem eiga að taka þátt eru..

- Íbúar sem hafa kosningarétt og skráða búsetu á svæðinu
- Ekki félagasamtök eða hagsmunaaðilar
- Íbúum sem ann er um umhverfi sitt og samfélag

...og fulltrúar töldu bestu þáttökuleiðirnar vera



...og verkefnin eiga að vera

Menningarmál

Umsagnaraðili í menningarmálum og skólamálum.

Forsvaraðilar fyrir skipulagningu viðburða í nærumhverfi.

Aðkoma að rekstri menningarhúsa, félagsheimila og jafnvel íþróttmannvirkja.

Hlutverk ráðanna

Verkefni innan hvers byggðakjarna sem snúa að skipulagi, umsögn um þau mál sem bæjarstjórn ein getur samþykkt, umsögn um fjárhagsleg málefni innan kjarnans, og önnur samfélagsverkefni.

Skipulags- og áætlanir

Leiðbeinandi í skipulags- og umhverfismálum.

Hafa aðkomu að gerð húsnæðisstefnu.

Veita umsagnir og tillögur að úrbótum um uppbyggingu í nærumhverfi sínu.

Veita umsagnir og tillögur að úrbótum um uppbyggingu í nærumhverfi sínu.

Þjónusta við íbúa

Fyrsti vettvangur íbúa að leita til ef þeir þurfa á þjónustu að halda í stjórnsýslunni.

Vettvangur fyrir íbúa að koma sínum málum á framfæri.

Einskonar trúnaðaraðilar fyrir íbúa.

Hafa þarf í huga að ákveðinn grundvallarmunur getur verið á hverfisráðum í ólíkum byggðakjörnum

“ Því má sjá fyrir sér mismunandi fyrirkomulag þegar kemur að samsetningu, verkefnum og ábyrgð hverfisráðanna.

Tillaga frá fulltrúum í hverfisráðum um samskonar heimastjórnir og innleiddar hafa verið í Múlaþingi

Heimastjórn skipuð þremur fulltrúum:

tveir fulltrúar og tveir til vara kosnir í beinni atkvæðakosningu íbúa.

einn fulltrúi og annar til vara kjörinn af bæjarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn.

Málsmeðferð heimastjórna skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga og samþykktu um stjórn Ísafjarðarbæjar. Þar með taldar greiðslur til fulltrúa í heimastjórnnum.

Hlutverk heimastjórnar er að annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni og snýr að viðkomandi byggðahluta.

Heimastjórn hefur vald til fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða viðkomandi byggðahluta með beinum hætti.

Heimastjórn er virkur þátttakandi í stefnumörkun með áherslu á viðkomandi byggðahluta.

Fjárhagsáætlun skal koma til umsagnar heimastjórnar áður en hún er tekin til umræðu í bæjarstjórn.

5

Tillögur til úrbóta

Tillögur til umræðu

1 Óbreytt fyrirkomulag

Pátttakendur í úttektinni voru sammála um að breytinga sé þörf. Óbreytt ástand mun ekki ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram í Samþykktum Ísafjarðarbæjar og skila þeim árangri sem íbúar og bæjarstjórn vænta

2 Heimastjórnir

Að mati ráðgjafa eru þrjár megin leiðir til úrbóta á fyrirkomulagi hverfisráða í Ísafjarðarbæ.

3 Heildarendurskoðun

Breytingatillögum er raðað frá þeim umfangsminni til umfangsmeiri.

Sumar þeirra krefjast breytingum á samþykktum Ísafjarðarbæjar en **þörf er á ákveðnum breytingum sama hvaða leið verður fyrir valinu.**

Nauðsynlegar breytingar óháð fyrirkomulagi

Árangursþættir farsæls samráðs

Mikilvægt að hverfisráðin hafi formlega stöðu í stjórnkerfi sveitarfélaga.

Að fulltrúar í hverfisráðum hafi skýrt umboð íbúa á viðkomandi svæði.

Hlutverk og verkefni hverfisráða séu vel skilgreind og skipti íbúana raunverulegu máli.

Tryggja góð tengsl milli ráðanna og stjórnarsýslu sveitarfélags.

- Reglulegir fundir ráða og sveitarstjórnar
- Starfsmaður sé tengiliður og miðlar upplýsingum

Samráð sé fastur þáttur í áætlana- og skipulagsvinnu sveitarfélagsins.

Núverandi staða

Hverfisráð hafa góða formfestu í samþykktum

Umboð óljóst vegna lítillar þátttöku og vandi við útteilingu fjármagns

Óskýrir ferlar og óljóst hver verkefni hverfisráða eiga að vera

Tengsl hafa rofnað og samskipti lítil

Takmörkuð aðkoma eins og staðan er

Aðgerðir

Endurskoðun skipulags, aukin ábyrgð og umbun fyrir setu hvetji til þátttöku og styrki þannig umboð fulltrúa

Verkefnum hverfisráða verði markaður skýrari rammi, en haft í huga að verkefni geta verið ólík á milli byggðakjarna

Ráðin hafi beinan tengilið inn í stjórnarsýsluna og aðgang að málaskrá til að fylgjast með þróun mála

Fundir ráða og bæjarstjórnar verði haldnir reglulega með ákveðna dagskrá

Ákveðin mál líkt og fjárhagsáætlanir og skipulög verði send til umsagna hjá hverfisráðum

Nauðsynlegar breytingar óháð fyrirkomulagi

Aðgerðir

- 1 Vinna skipulega að því að viðhorf og stjórnámálamenning einkennist af samvinnu og samstöðu
- 2 Bæta verklag svo stjórnsýslan bregðist hraðar við ábendingum frá íbúum
- 3 Þjálfun og fræðsla fyrir fulltrúa í hverfisráðum
- 4 Fulltrúum verði greidd þóknun fyrir störf sín
- 5 Fundargerðir hverfisráða verði færðar inn í málaskrá Ísafjarðarbæjar
- 6 Hvert hverfisráð hafi skilgreinda fundaraðstöðu
- 7 Íbúar fái betri upplýsingar um hlutverk og heimildir hverfisráða

Markmið

Að íbúar og starfsmenn séu stoltir af Ísafjarðarbæ. „bærinn okkar“

Stuðla að aukinni skilvirkni og tryggja að þekking tapist ekki á milli tímabila

Umbunað verði fyrir aukna ábyrgð fulltrúa

Tryggja upplýsingagjöf og stuðla að gagnsæi og samráði milli ráða og stjórnsýslu
Bæta starfsaðstæður

Að stýra væntingum íbúa Ísafjarðarbæjar og stjórnsýslunnar til ráðanna

Úrbótatillögur

② Heimastjórnir

Heimastjórnir komi í stað hverfisráða. Ekki þörf á miklum breytingum á stjórnskipulagi öðrum en þeim sem teknar voru fram hér á undan.

Nauðsynlegt er skilgreina fyrirkomulag við val á fulltrúum, verkefni og heimildir heimastjórna.

Hægt er að hefja breytingar á samþykktum samhliða öðrum aðgerðum hér að ofan.

③ Heildarendurskoðun

Heildarendurskoðun felur í sér innleiðingu heimastjórna og uppstokkun stjórnskipulags á sambærilegan hátt og í Múlaþingi.

Velji bæjarstjórn að fara þá leið, leggja ráðgjafar til að haldin verði vinnustofa með kjörnum fulltrúum í bæjarstjórn, nefndum og ráðum auk lykilstarfsfólks, með það fyrir augum að stuðla að sátt og eignarhaldi þátttakenda á verkefninu.

Á vinnustofunni verði niðurstöður vinnunnar og áform um uppstokkun á stjórnskipulagi kynntar og fulltrúi frá Múlaþingi miðli þeirra reynslu.

Tillaga að breyttum samþykktum verði kynntar í kjölfarið og tekið til fyrri umræðu og síðari umræðu verði lokið fyrir framboðsfrest í apríl.

RR RÁÐGJÖF

Skipholt 25

105 Reykjavík

rradgjof.is

robert@rradgjof.is

649-5535



Róbert Ragnarsson, framkvæmdastjóri er með meistarapróf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Árósum.



Freyja Sigurgeirsdóttir, ráðgjafi er með meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.



Gunnar Úlfarsson, ráðgjafi er með meistarapróf í hagfræði og fjármálum frá St Andrews háskóla í Skotlandi.